

1913

Föstudaginn 11. nóvember 1983.

Vonin h/f

gegn

Birgi Guðmundssyni

Guðmundi R. Guðmundssyni

Halldóri Guðmundssyni og

Ríkharði Mássyni sýslumanni.

Kærumál. Frávísun. Leiðrétting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið hinna kærðu ákvörðun til Hæstaréttar með kæru 14. október 1983 með skírskotun til 3. tl. 21. gr. svo og niðurlags 21. gr. laga nr. 75/1973. Barst kæran Hæstarétti 27. október 1983. Sóknaraðili krefst þess, „að endurupptaka fógetaréttar Strandasýslu hinn 14. 10. 1983 í máli þessu verði felld úr gildi og að málskostnaðarákvæði úrskurðarins verði úr gildi felld.“ Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn 13. júlí 1983 beiddist sóknaraðili þess af sýslumanni Strandasýslu að hann tæki v/b Vonina II., SF 5, með beinni fógetagerð úr umráðum varnaraðilja Birgis, Guðmundar og Halldórs og fengi sér bátinn í hendur. Þá kröfu reisti sóknaraðili á því, að varnaraðiljar hefðu vanefnt svo kaupsamning um bátinn, er þeir höfðu gert við sóknaraðilja, að sóknaraðili hefði rift samningnum.

Með úrskurði 23. ágúst 1983 synjaði fógeti um innsetningu. Segir svo í úrskurðinum:

„Ekkert hefur komið fram í máli þessu um augljósan og ótvíræðan rétt gerðarþola til að ná umráðum yfir v/b Voninni II., SF 5, eða ástæður, sem leiði til þess, að gerðarbeiðandi geti með beinni fógetagerð fengið afhenta þessa eign gerðarþola.

Verður því að synja um framgang hinnar umbeðnu innsetningar-gerðar.

Rétt þykir, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 80.000.00. Ber málskostnaðarfjárhæðin

dráttarvexti frá dómbirtingardegi til greiðsludags, dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands hverju sinni.

Ríkharður Másson, sýslumaður kvað upp úrskurð þennan.

Þ v í ú r s k u r ð a s t :

Umbeðin gerð fer ekki fram“

Hinn 14. október 1983 setti Ríkharður Másson sýslumaður fógetarétt Strandasýslu að Túngötu 14 í Reykjavík. Tók hann þar fyrir á ný áðurgreint fógetaréttarmál. Var þá skráð í fógetaréttarbók:

„Mættir voru lögmenn aðila, Ingvar Björnsson hdl. og Kristján Stefánsson hdl.

Með vísun til 195. gr., 2. mgr., laga 85/1936 hefur dómari kallað fyrir sig málflytjendur málsaðila og bent þeim á, að í úrskurðarorði í úrskurði, uppkveðnum í fógetarétti Strandasýslu hinn 23. ágúst 1983 í máli þessu, sé um að ræða bersýnilega skekkju, sem hann hefur ákveðið að leiðrétta. Niður hefur fallið að geta málskostnaðar og aðfararhæfis á úrskurðarorði. Dómari óskar eftir því, að eftirrit úr fógetaþók verði afhent dómara til leiðréttingar. Með vísun til framanritaðs skal úrskurðarorð hljóða svo:

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Umbeðin gerð fer ekki fram.

Gerðarbeiðandi, Vonin h.f., greiði gerðarþolum kr. 80.000.00 í málskostnað með dráttarvöxtum frá dómbirtingu til greiðsludags, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands hverju sinni af skuldum utan lánastofnana, innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa.

Úrskurður þessi er aðfararhæfur.“

Lagaheimild skortir til að kæra til Hæstaréttar þá athöfn fógeta, sem að framan er greind. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti, án þess að um það verði fjallað, hvort breytingar þær, er fógeti gerði á úrskurði sínum, hafi haft lagaðstoð í 2. mgr. 195. gr., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.